

Ár 2013, þriðjudaginn 7. maí, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara í dómstól ÍSí að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 3/2013.

Lyfjaráð ÍSí

gegn

Ómari Erni Sævarssyni

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I.

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí, dagsettri 17. mars 2013 og móttækinni af skrifstofu ÍSí 18. mars 2013.

Kærði er skráður félagsmaður í Körfuknattleiksdeild UMF Grindavíkur.

Kröfur kæranda:

Þess er krafist að með dómi Dómstóls ÍSí verði kærði, frá upphafi bráðabirgðabanns þann 8. mars 2013 að telja, dæmdur til 6 mánaða óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra.

Sigurður I. Halldórsson dómari í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu sama dag og kæran barst skrifstofu ÍSí. Með bréfi dagsettu 20. mars sl. var kærða gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum/halda upp vörnum vegna kærunnar með greinargerð til dómstólsins.

Greinargerð barst frá kærða og stjórn Körfuknattleiksdeildar UMFG dags. 4. apríl sl.

Lyfjaráði ÍSí var með bréfi dags. 4. apríl sl., gefinn frestur til 11. apríl sl., til að koma að athugasemdum við greinargerð kærða og stjórnar Körfuknattleiksdeildar UMFG. Athugasemdir bárust frá Lyfjaráði ÍSí þann 11. apríl sl. Með bréfi dags. 11. apríl sl., var kærða gefinn frestur til

17. apríl sl., til að koma að freskari athugasemdum við bréf Lyfjaráðs ÍSÍ. Engar frekari athugasemdir bárust frá kærða.

Við þingfestingu málsins þann 29. apríl sl. voru lögð fram eftirtalin skjöl:

- Nr. 1. Kæra dagsett 17.03.2013.
- Nr. 2. Afrit af skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ (og fylgigagna) til Lyfjaráðs ÍSÍ varðandi málið, dags. 12.03.2013.
- Nr. 3. Afrit af lyfjaeftirlitseyðublaði nr. 003258, varðandi umrætt lyfjaeftirlit.
- Nr. 4. Afrit af niðurstöðum úr greiningu á A-sýni, frá Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð dags. 04.03.2013.
- Nr. 5. Afrit úr iðkendalista Körfuknattleiksdeildar UMFG fyrir árið 2012-2013.
- Nr. 6. Afrit af yfirlýsingum kærða um móttöku niðurstöðu úr greiningu á A-sýni dags. 08.03.2013.
- Nr. 7. Listi WADA yfir bönnuð efni og aðferðir, sem gildir innan ÍSÍ 2013.
- Nr. 8. Bréf Dómstóls ÍSÍ til kærða dags. 20.03.2013.
- Nr. 9. Athugasemdir kærða og stjórnar UMFG dags. 04.04.2013.
- Nr. 10. Bréf Dómstóls ÍSÍ til Lyfjaráðs ÍSÍ dags. 04.04.2013.
- Nr. 11. Athugasemdir Lyfjaráðs ÍSÍ dags. 11.04.2013.
- Nr. 12. Bréf Dómstóls ÍSÍ til kærða dags. 11.04.2013.

II.

Í kæru er málavöxtum lýst þannig að kærði sé félagsmaður í Körfuknattleiksdeild UMFG, sbr. meðfylgjandi afrit úr iðkendalista fyrir árið 2012-2013.

Þann 16. febrúar 2013 var kærði boðaður í lyfjaeftirlit eftir Bikarúrslitaleik KKÍ í Laugardalshöll. Gekkst kærði undir lyfjaeftirlitið og lét í té þvagsýni (A- og B-sýni), sem sent var til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð.

Niðurstöður greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ þann 4. mars sl. og sýndu niðurstöðurnar að í sýninu var að finna örvandi efnið Methylhexanamine (einnig þekkt sem DMAA og 1,3 Dimethylamylamine) sem er í flokki S6b á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA). Styrkur Methylhexanamine í þvagsýninu var 1073ng/ml. Viðmiðunarmörk efnisins eru 100ng/ml.

Kærða var gerð grein fyrir niðurstöðum úr greiningu á A-sýni símleiðis þann 06.03.sl., og við skýrslutöku þann 08.03.sl. Kærða var boðið að láta greina B-sýnið til staðfestingar niðurstöður A-sýnis.

Kærði óskaði ekki eftir því að B-sýni sitt yrði greint. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ um málavexti.

III.

Kærandi vísar kröfum sínum til stuðnings til þess að samkvæmt gr. 4.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál gildir bannlisti WADA innan ÍSÍ og á m.a. við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. gr. 1.2.1. Samkvæmt gr. 2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef efni sem bannað er að nota samkvæmt bannlista WADA, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjæftirlit (gr. 2.1). Með vísan til lýsingar á málavöxtum og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að kærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun.

Varðandi refsingu kærða bendir kærandi á að samkvæmt gr. 10.2 auk gr. 10.4 í lögum ÍSÍ um lyfjamál skal refsing fyrir fyrsta brot vera að lágmarki áminning og ekkert óhlutgengi en að hámarki tveggja ára óhlutgengi og eigi sú grein við í þessu máli. Kærandi telur með vísan til dómaframkvæmda undafarinna ára, að refsing kærða teljist hæfileg 6 mánaða óhlutgengi.

IV.

Í athugasemdum kærða og stjórnar Körfuknattleiksdeildar UMFG kemur fram að stjórnin harmi þennan atburð og að stjórnin sé að sjálfsögðu ekki fylgjandi notkun leikmanna á ólöglegum efnum og að refsa skuli fyrir slíka háttsemi. Hins vegar í tilviki kærða sé um að ræða algjört óviljaverk og að leikmaðurinn hafi ávallt verið til fyrirmyndar bæði innan vallar sem utan. Þá kemur það fram hjá stjórninni að þeir telji frásögn kærða um að hann hafi drukkið tvo sopa, sem innihélt umrætt bannefni hjá einum af liðsfélögum sínum, sé sannleikanum samkvæmt. Með vísan til alls þessa er farið fram á það að kærða verði eingöngu veitt áminning en hann ekki dæmdur til óhlutgengis.

V.

Ekki er um það deilt að kærði gerðist með háttsemi sinni sekur um lyfjamisnotkun og braut þar með gegn ákvæðum laga ÍSÍ um lyfjamál.

Það er í verkahring dómsins að ákveða refsingu í málum sem höfðuð eru fyrir dómstólnum. Dómkröfur kæranda eru því ekki bindandi fyrir dóminn en rétt er að horfa til þeirra við ákvörðun refsingar.

Í málavaxtalýsingu kæranda segir m.a. *“Niðurstaðan (úr sýnatöku) kom kærða á óvart við fyrstu tilkynningu. Við skýrslutöku greindi kærði hins vegar frá því að hann hafi þegið tvo sopa af drykk sem einn af leikmönnum liðsins hafði blandað sér.”* Þá segir í málavaxtalýsingu kæranda: *“Samkvæmt upplýsingum frá sérfræðingi rannsóknarstofunnar sem greindi sýnið segir að það magn sem greindist í sýni kærða teljist nokkuð hátt, en það er tífallt magn viðmiðunarmarka.”*

M.a. með vísan til þess að magn hins ólöglega efnis hafi verið tífallt magn viðmiðunarmarka er ekki hægt að fallast á áminningu þegar refsing kærða er ákveðin.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu sem gefur tilefni til annars en að beita ákvæðum gr. 10.2 auk gr. 10.4 í lögum ÍSÍ um lyfjamál þegar refsing kærða er ákveðin.

Með vísan til framanritaðs er fallist á kröfur kæranda þess efnis að kærði verði, frá upphafi bráðabirgðabanns þann 8. mars 2013 að telja, dæmdur til 6 mánaða óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra.

Sigurður I. Halldórsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan. Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu hans gagnvart kærða.

DÓMSORÐ

Kærði, Ómar Örn Sævarsson, er dæmdur til 6 mánaða óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 8. mars 2013 að telja.

Sigurður I. Halldórsson
Sign

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að aðila máls var kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.